

Jóhann Páll Símonarson  
Blásöldum 22  
201 Kópavogi

Reykjavík, 16. júní 2020

### **Efni: Svör við spurningum lögðum fyrir ársfund Gildis-lífeyrissjóðs 16. júní 2020**

Hér á eftir fara svör Gildis-lífeyrissjóðs við spurningum þínum sem lagðar voru fyrir á ársfundi sjóðsins 16. júní sl.

#### **Spurning 1.**

Svar: Sundurliðun á eign samtryggingardeildar í skuldabréfum sveitarfélaga kemur fram á glæru 34 í kynningu framkvæmdastjóra á ársfundi sjóðsins.

#### **Spurning 2.**

Svar: Sundurliðun á eign samtryggingardeildar í skuldabréfum fyrirtækja og skuldabréfum banka- og sparisjóða kemur fram á glæru 34 í kynningu framkvæmdastjóra á ársfundi sjóðsins.

#### **Spurning 3.**

Svar: Vísað er til skýringar 12 í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2019. Varúðarniðurfærsla vegna veðlana til sjófélaga (sjófélagalána) og veðlana til fyrirtækja nam 618,9 m.kr. í árslok 2019, samanborið við 496,2 m.kr. bókfærða varúðarniðurfærslu í árslok 2018. Breyting milli ára skýrist annars vegar af 2,2 m.kr. varanlegum afskriftum á árinu og hins vegar af 124,8 m.kr. aukningu á varúðarniðurfærslu í lok ársins. Bókfærð varúðarniðurfærsla nam samtals 1,0% af stöðu veðlana í árslok 2019.

Helsta neikvæða gangvirðisbreytingin af innlendum eignum Gildis á árinu 2019 var vegna fjárfestingar sjóðsins í Bakkastakki slhf., félags sem var stofnað á árinu 2014 til að halda utan um fjárfestingu innlendra aðila í kísilveri PCC á Bakka við Húsvík. Neikvæð matsbreyting vegna Bakkastakks nam samtals 1.297 m.kr. á árinu 2019. Skiptist hún þannig að 442 m.kr. er vegna matsbreytingar á hlutabréfeign og 855 m.kr. er vegna matsbreytingar á skuldabréfaeign. Á árinu 2019 færði sjóðurinn af varúðarsjónarmiðum niður hlutafjáreign sína í Bakkastakki niður um 89% og skuldabréfeign sína í félagini niður um 45%.

#### **Spurningar 4 og 5.**

Svar: Já, sjóðurinn greiðir kaup-, og söluþóknar vegna viðskipta með innlend hlutabréf og skuldabréf, sbr. skýring 8 í ársreikningi sjóðsins.

#### **Spurning 6.**

Svar: Vísað er til sundurliðunar á fjárfestingargjöldum í skýringu 8 í ársreikningi sjóðsins. Jafnframt er vísað til yfirlits á bls. 24 í ársskýrslu hvað varðar umfang viðskipta sjóðsins í einstökum eignaflokkum á árinu 2019.

Samtals námu kaup- og söluþóknanir samtryggingardeildar 46,6 m.kr. á árinu 2019. Þar af námu þóknanir vegna viðskipta með hlutabréf um 43,3 m.kr. en þóknanir vegna viðskipta með skuldabréf um 3,2 m.kr.

#### **Spurningar 7 og 8.**

Svar: Endurskoðandi sjóðsins gerði engar tillögur varðandi rekstur sjóðsins í sinni skýrslu. Skýrsla endurskoðanda er einvörðungu unnin fyrir stjórn og stjórnendur sjóðsins.

Vísað er til yfirferðar endurskoðanda sjóðsins á ársfundinum hvað þetta varðar.

#### **Spurningar 9 og 10.**

Svar: Stjórn og stjórnendur sjóðsins ákveða viðmiðunarreglur um endurmat eigna. Aðferðafræði sjóðsins og mat á gangvirði eigna er yfirfarið reglulega af innri og ytri endurskoðendum sjóðsins og endurskoðunarnefnd.

Vísað er til skýringar 2 í ársreikningi sjóðsins, einkum til umfjöllunar um matsaðferðir fjárfestinga. Jafnframt er vísað til skýringar 20 í ársreikningum um þrepaskiptingu gangvirðis.

#### **Spurning 11.**

Svar: Eftirlitsgjald sem Gildi greiðir til Fjármálaeftirlitsins byggir á lögum og álagningarstofn gjaldsins er hrein eign sjóðsins. Hækkanir á greiðslum til Fjármálaeftirlitsins undanfarin ár er því til komin vegna hækunar á hreinni eign sjóðsins milli ára.

#### **Spurning 12.**

Svar: Núverandi eign Gildis í vogunarsjóðum er óveruleg, sbr. yfirlit yfir fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar og eignaskiptingu í árslok 2019 á bls. 36 í árskýrslu sjóðsins. Á árinu 2013 tók Gildi ákvörðun um að hætta fjárfestingum í vogunarsjóðum og var eignasafn í slíkum sjóðum sett í innlausnarferli það sama ár. Þótt megnið af því safni hafi verið innleyst á árinu 2013 hefur tekið nokkuð langan tíma að ná fram innlausn á hluta safnsins. Eftirstæðar fjárfestingar Gildis í vogunarsjóðum námu tæplega 4 m.kr. í árslok 2019. Um er að ræða eign í tveimur sjóðum sem eru við það að klára innlausnarferli.

Fjárfestingar í vogunarsjóðum byggja á heimildum í lögum um lífeyrissjóði nr. 129 frá árinu 1997, nánar tiltekið á tegundaflokkun E.b samkvæmt 36. grein a. (þ.e. hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu).

#### **Spurning 13.**

Svar: Eftir atvikum eru það stjórn, framkvæmdastjóri og eignastýring sjóðsins sem taka ákvarðanir um fjárfestingar. Sérstakar reglur, sem settar eru af stjórn sjóðsins, gilda þar um og eru heimildir til fjárfestinga m.a. nokkuð mismunandi eftir eignaflokkum og eðli fjárfestinga.

#### **Spurning 14.**

Svar: Tryggingar að baki skuldabréfum í eignasafni Gildis eru með mismunandi hætti, en almennt má þó segja að sjóðurinn hafi verið fremur varfærinn við fjárfestingar í skuldabréfum. Þannig er stærstur hluti skuldabréfa fyrirtækja í eignasafni sjóðsins með veði í fasteignum. Enn fremur er stærstur hluti skuldabréf banka og sparisjóða í eignasafni sjóðsins af svokölluðum sértryggðum útgáfum sem byggja á sérstakri veðtöku í undirliggjandi eignasafni.

## **Spurningar 15, 16, 17 og 19.**

Svar stjórnarformanns:

Í starfskjarastefnu Gildis-lífeyrissjóðs er settur rammi utan um stefnu sjóðsins í starfskjörum starfsmanna, í grein 1.2 í starfskjarastefnunni segir m.a.:

„Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, styðji við rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins.“

Það er skoðun stjórnar að laun lykilstarfsmanna séu í fullu samræmi við starfskjarastefnuna og séu í samræmi við laun í hliðstæðum störfum.

Í framhaldi af því er rétt að geta þess að undanfarin ár hafa engar breytingar verið gerðar á ráðningakjörum æðstu stjórnenda sjóðsins og launabreytingar eingöngu verið kjarasamningsbundnar.

Í starfskjarastefnunni grein 3.1 kemur fram að stjórn ræður framkvæmdastjóra og semur við hann um starfskjör sem skulu vera í samræmi við starfskjarastefnu. Framkvæmdastjóri ræður síðan lykilstarfsmenn í samráði við formann og varaformann.

Þá er spurt hvort rétt sé að bjóða út eignastýringu. Þetta er góð spurning sem þarf að spryrja sig að á hverjum tímapunkti. Stjórn hefur verið þeirrar skoðunar að slíkt sé hvorki skynsamlegt né hagstætt. Sjóðurinn hefur á að skipa afar hæfu starfsfólk i eignastýringu sem hefur náð góðum árangri í að ávaxta fjármuni sjóðsins eins og sjá má af árangri síðastliðinna ára og ekki síður nú þegar gefur á bátinn. Byggð hefur verið upp mikil þekking innan sjóðsins. Sjóðurinn á vel áhættudreift eignasafn og kostnaðarhlutfall sjóðsins er með því lægsta sem þekkist. Niðurstaða stjórnar hefur því verið að ekki sé rétt að útvista eignastýringu.


## **Spurning 18.**

Svar: Vísað er til sundurliðunar á fjárfestingargjöldum í skýringu 8 í ársreikningi sjóðsins. Jafnframt er vísað til umfjöllunar og yfirlits um fjárfestingargjöld á glæru 9 í kynningu framkvæmdastjóra á ársfundi sjóðsins.

Ég vil fyrir hönd Gildis þakka þér fyrir erindið og sýndan áhuga á málefnum sjóðsins. Vonumst við til að svörin við spurningum þínum séu bæði gagnleg og upplýsandi og til þess fallin að skýra enn betur umrædd málefni fyrir sjóðfélögum öllum. Samkvæmt beiðni hefur erindi þitt verið fært til bókar í fundargerð fundarins ásamt svörum sjóðsins.

Virðingarfallst,

f.h. Gildis-lífeyrissjóðs

  
Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri